Aðild að ESB – 2015 og fyrr

ASÍ setti sér það verkefni á þingi sínu í nóvember 2000, að vera virkur og leiðandi þátttakandi í umræðunni um framtíð Evrópusamvinnunnar og hagsmuni launafólks á íslenskum vinnumarkaði. ASÍ krafðist þess einnig að stjórnmálamenn og hagsmunasamtök atvinnurekenda tækju þátt í þessari umræðu af fullri alvöru. Sú umræða og stefnumótun yrði að byggja á kröfunni um að stefnumótun í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum, þjóni hagsmunum launafólks, auki lífsgæði og félagslegan jöfnuð.

Á ársfundi ASÍ 2008 var ályktað í tilefni af tilraun sem gerð var til þess að semja um aðild að ESB samhliða því sem fjallað var um aðgerðir til að endurheimta fjármálastöðugleika og verja kjör launafólks og stöðu heimilanna í landinu. Í niðurstöðum ársfundarins sagði m.a.:

„Það er skoðun ASÍ að yfirlýsing um að sótt verði um aðild Íslands að ESB og upptöku evru sé eina færa leiðin. Þannig verði látið á það reyna í aðildarviðræðum hvaða samningur Íslandi standi til boða og hann lagður fyrir þjóðina í atkvæðagreiðslu. ASÍ telur að yfirlýsing um að stefnt verði að aðild að evrópska myntsamstarfinu (ERM II) á næstu 2 árum myndi leggja mikilvægan grunn að því að skapa nauðsynlegan trúverðugleika fyrir meiri festu í skráningu krónunnar á næstu árum þangað til full aðild að Evrópska peningamálasamstarfinu (EMU) og upptaka evrunnar næðist."

Þetta viðhorf var ítrekað á aukaársfundi 2009. Á 40. Þingi ASÍ 2012 var að nýju fjallað um Evrópumál og ályktað:

„40. þing Alþýðusambands Íslands telur mikilvægt að ljúka viðræðum Íslands og ESB svo fljótt sem kostur er með það að markmiði að ná eins hagstæðum samningum og unnt er. Það verði síðan íslenska þjóðin sem taki afstöðu til samningsniðurstöðunnar og aðildar að ESB í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu. ASÍ hefur ekki tekið afstöðu til þess hvort hagsmunum Íslands og íslensks launafólks sé best borgið með aðild að ESB, en hefur skýra sýn á hvaða markmiðum þurfi að ná í aðildarviðræðunum til þess að hægt verði að leggja endanlegt mat á kosti og galla fullrar aðildar."

Miðstjórn ályktaði um Evrópumál 18.2 2015 undir heitinu, „Valdið til þjóðarinnar", Þar segir:

„Frá árinu 2008 hafa ársfundir og þing Alþýðusambands Íslands ítrekað ályktað um Evrópumál. Í þeim ályktunum hefur meginstefið verið að aðildarviðræðum verði lokið og aðildarsamningur lagður í dóm þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu. Núverandi ríkisstjórn komst m.a. til valda vegna loforða fyrir kosningarnar 2013 um að þjóðin yrði spurð hvort halda ætti aðildarviðræðum við ESB áfram. Það loforð var svikið. Utanríkisráðherra reyndi að ýta málinu út af borðinu í febrúar í fyrra þegar hann setti fram þingsályktunartillögu um að viðræðum yrði slitið en uppskar ekki annað en reiðiöldu og mótmæli í samfélaginu, m.a. frá miðstjórn ASÍ sem sendi frá sér harðorðaða ályktun af þessu tilefni. Nýjasta útspil utanríkisráðherrans í samskiptum við Evrópusambandið er með slíkum ólíkindum að undrun sætir. Í þeim einbeitta ásetningi sínum að slíta aðildarviðræðum Íslands við ESB hunsaði hann leikreglurnar, hann hunsaði sjálft Alþingi Íslendinga sem hóf

þessa vegferð á sínum tíma. Ráðherrann og ríkisstjórnin hunsa líka vilja meirihluta þjóðarinnar sem vill ljúka viðræðum og fá að kjósa um aðildarsamning. Þetta er svo risavaxið álitamál um framtíðarmöguleika okkar þjóðar að það hlýtur að vera réttmæt krafa að þjóðin sjálf fái að segja sitt álit. Það hlýtur einnig að vera lágmarkskrafa til ráðherra í ríkisstjórn að þeir standi við loforð sem þeir margendurtóku fyrir kosningar. Við hvað er ríkisstjórnin hrædd? Leyfið fólkinu að segja sitt álit á því hvort aðildarviðræðum við ESB verði fram haldið með þjóðaratkvæðagreiðslu."

ASÍ hefur ekki fjallað með beinum hætti um alþjóðamál og Evrópusamvinnuna frá 2012 en afstaða þingsins um rétt þjóðarinnar til þess að taka afstöðu ítrekað í ályktun miðstjórnar frá í mars 2015.

Miklar breytingar hafa orðið bæði á ESB og í þróun alþjóðamála almennt frá þeim tíma. Þær forsendur sem til grundvallar lágu þegar viðræður um aðild að ESB hafa því tekið nokkrum breytingum og nauðsynlegt að lagt verði heildstætt mat á þá þætti ef og þegar viðræðum við ESB verður framhaldið.

ASÍ hefur ekki tekið afstöðu til þess hvort hagsmunum Íslands og launafólks á íslenskum vinnumarkaði sé best borgið með aðild að ESB, en hefur skýra sýn á hvaða markmiðum þurfi að ná í aðildarviðræðunum til þess að hægt verði að leggja endanlegt mat á kosti og galla fullrar aðildar.

Grundvallarviðhorf og stefna ASÍ varðandi ESB er er því skv. ákvörðun 40.þings sambandsins og síðari yfirlýsingum, að það verði íslenska þjóðin sem taki afstöðu til samningsniðurstöðu og aðildar að ESB í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu.